



Borgarráð

Reykjavík, 4. maí 2026

MSS25120004

Skil starfshóps vegna Ármanns

Lagt er til að borgarráð samþykki þær tillögur sem lagðar eru til í skýrslu starfshóps til að skoða aðstöðumál Glímufélagsins Ármanns. Tillögurnar hafa verið kostnaðarmetnar á um 36,5 m. kr. á ári auk þess sem lögð er til ein tillaga sem fellur í sér einskíptiskostnað sem er áætlaður 1 m. kr.

Þá er einnig lagt til að borgarráð endurnýji umboð starfshópsins til að rýna framtíðarmálefni félagsins og hópnum verði falið að gera skýrslu og leggja til kostnaðarmetnar tillögur er lúta að framtíðaraðstöðu Glímufélagsins Ármanns.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

1. Erindisbréf Starfshóps
2. Skýrsla vegna vinnu starfshóps vegna aðstöðumála Glímufélagsins Ármanns, dags. 4. maí 2026, ásamt fylgiskjöllum.
3. Bókun Ármenninga



Reykjavík, 1. desember 2025
MSS25120004

ERINDISBRÉF

Starfshópur vegna aðstöðumála Glímufélagsins Ármanns

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Glímufélagið Ármann sem var stofnað 15. desember árið 1888 og er í dag hverfisfélag í Laugardal hefur óskað eftir því við borgaryfirvöld að aðstöðumál félagsins verði tekin til sérstakrar skoðunar af hálfu Reykjavíkurborgar.

Til að koma til móts við óskir félagsins er skipaður sérstakur starfshópur, skipaður fulltrúum félagsins, MÍR og ÍBR.

Hlutverk:

- Leggja mat á núverandi þarfir Glímufélags Ármanns þegar kemur að aðstöðu félagsins og hafa til hliðsjónar núverandi aðstöðu í Laugardalshöll, frjálsíþróttahöll, mannvirkjum Ármanns í Laugardal, fyrirhugaðri þjóðarhöll.
- Gera tillögur að bættri aðstöðu til æfinga, mótahalds, félagsstarfs og aðstöðu Glímufélagsins Ármanns í Laugardalshöll.
- Gera tillögur að bættri aðstöðu til æfinga Glímufélagsins Ármanns í aðstöðu frjálsíþróttahallar.
- Starfshópurinn skal gera skýrslu um aðstöðumál Glímufélagsins Ármanns og leggja fram tillögur að úrbótum, annars vegar til skamms tíma og hins vegar til frambúðar.

Starfshópurinn skipa:

Helga Friðriksdóttir, skrifstofustjóri íþróttaborgar, menningar- og íþróttasviði, formaður.

Elín Hrefna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri stjórnarsýslu, menningar- og íþróttasviði.

Eiður Ottó Bjarnason, Glímufélagið Ármann.

Sóley Kaldal, Glímufélagið Ármann.

Frimann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri íþróttabandalags Reykjavíkur.

Starfsmaður starfshópsins:

Magnús Kári Jónsson, starfsmaður íþróttabandalags Reykjavíkur.



Reykjavík



Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á, svo sem hjá Íþróttá- og sýningarhöllinni.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum eigi síðar en 31. mars 2026.

Reykjavík, 1. desember 2025


Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Skýrsla vegna vinnu starfshóps vegna aðstöðumála Glímufélagsins Ármanns

1. Inngangur.....	1
2. Núverandi aðstaða og þarfir Glímufélagsins Ármanns:.....	1
2.1. Almennt um starfsemi og aðstöðu Ármanns.....	1
2.2. Skilyrt afnot af Laugardalshöll	2
2.3. Um núverandi eignarhald og rekstrarumgjörð Laugardalshallar	2
3. Nýtingarhlutfall æfingatíma í Laugardalshöll og öðru húsnæði.....	3
3.1. Aðstaða fyrir félagsstörf og tekjuöflunarmöguleikar	4
4. Kröfur Ármenninga og tillögur starfshóps.....	5
4.1. Úrbætur þegar framkvæmdar og/eða í vinnslu hjá ÍSH.....	5
4.2. Bætt aðgengi og merkingar	6
4.3. Bætt aðstaða til æfinga og mótahalds	7
4.4. Bætt funda- og skrifstofuaðstaða og félagsaðstaða.....	8
4.5. Bætt styrktaraðstaða	9
4.6. Almenn þjónusta ÍSH og önnur atriði tengd Laugardalshöll	10
4.7. Framtíðarsýn, skólamál o.fl.	11
5. Samantekt:.....	11

Stöðuskýrsla og tillögur starfshóps vegna aðstöðumála Glímufélagsins Ármanns

1. Inngangur

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 1. desember 2025 að skipa sérstakan starfshóp til að skoða aðstöðumál Glímufélagsins Ármanns. Starfshópnum var skv. erindisbréfi falið að:

- Leggja mat á núverandi þarfir Glímufélagsins Ármanns þegar kemur að aðstöðu félagsins og hafa til hliðsjónar núverandi aðstöðu í Laugardalshöll, frjálsíþróttahöll, mannvirkjum Ármanns í Laugardal, fyrirhugaðri þjóðarhöll,
- Gera tillögur að bættri aðstöðu til æfinga, mótahalds, félagsstarfa og aðstöðu Glímufélagsins Ármanns í Laugardalshöll,
- Gera tillögur að bættri aðstöðu til æfinga Glímufélagsins Ármanns í aðstöðu frjálsíþróttahallar,
- Gera skýrslu um aðstöðumál Glímufélagsins Ármanns og leggja fram tillögur að úrbótum, annars vegar til skamms tíma og hins vegar til frambúðar.

Starfshópurinn skipa: Helga Friðriksdóttir, skrifstofustjóri Íþróttaborgar á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar, formaður, Elín Hrefna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri stjórnarsýslu á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar, Eiður Ottó Bjarnarson, íþróttafulltrúi Glímufélagsins Ármanns, Sóley Kaldal foreldri og meðlimur í aðgerðarhópi Ármenninga og Frímann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur. Starfsmaður starfshópsins var Magnús Kári Jónsson, starfsmaður Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Starfshópurinn hefur til þessa fundað í þrígang auk þess sem farið var í vettvangsferð um aðstöðu Laugardalshallarinnar. Í tengslum við vinnu starfshópsins hafa fulltrúar Ármanns vísað til þess að þeir telji félagið eiga tiltekinn rétt sem hafi ekki verið virtur sem skyldi af hálfu Reykjavíkurborgar, m.a. til aðgangs og umráða yfir Laugardalshöll en fyrst og fremst vekja fulltrúar Ármanns athygli á því að Glímufélagið Ármann hafi ekki fjölnota íþróttahúsi til fullra yfirráða. Hafa fulltrúar Ármanns m.a. vísað til samninga, viljayfirlýsinga, laga, samþykktu og stefna Reykjavíkurborgar og ýmissa yfirlýsinga sem gefnar hafa verið af kjörnum fulltrúum í gegnum tíðina og lúta að aðstöðumálum Ármenninga og fyrirhugaðri bættri stöðu. Þá hafa Ármenningar vísað til þess að starfshópar hafi síðastliðin áratug verið skipaðir á vegum borgarinnar en vinna þeirra hópa þó ekki leitt til bættrar aðstöðu félagsins.

Í ljósi álitaeftna um framangreint var ákveðið á vettvangi starfshópsins að óska eftir lagalegri rýni frá borgarlögmanni á stöðu Ármanns. Fulltrúar Reykjavíkurborgar lögðu til að bíða með að leggja til tillögur að úrbótum til frambúðar þar til niðurstöður þeirrar rýni liggur fyrir. Ármann mótmælti því og lýsti vonbrigðum með að hlutverki hópsins væri frestað að hluta og hefur lagt áherslu á að ákvarðanir um framtíðarráðstöfun Laugardalshallar sé á forræði Reykjavíkurborgar sem eiganda.

Í þessari stöðuskýrslu verður í samræmi við framangreint aðeins fjallað almennt um aðstöðu Ármenninga og tillögur starfshópsins að úrbótum sem hægt er að framkvæma í nálægri framtíð (viðmið innan árs) settar fram. Þá er óskað eftir áframhaldandi umboði til að starfshópurinn geti haldið áfram að rýna framtíðarmálefni félagsins.

2. Núverandi aðstaða og þarfir Glímufélagsins Ármanns:

2.1. Almennt um starfsemi og aðstöðu Ármanns

Glímufélagið Ármann er hverfisfélag í Laugardal. Í dag eru virkar deildir hjá félaginu: fimleikar, frjálsar, júdó, körfubolti, lyftingar, rafíþróttir, sund, skíði og taekwondo.

Fimleikar, bardaga- og rafíþróttir eru með aðstöðu í húsi Ármanns Laugabóli. Lyftingadeild Ármanns er með aðstöðu í kjallara Laugardalslaugar. Sundið er með aðgang að 50 m sundlaug í Laugardalslaug auk styrktaraðstöðu í tæknikjallara hjá lyftingadeild. Skíðadeildin er með aðstöðu í skála félagsins í Bláfjöllum. Þá eru körfuknattleiksdeildin og frjálsar íþróttir með aðgang að æfingaaðstöðu í Laugardalshöll en að auki er körfuknattleiksdeildin með aðgang íþróttasal Kennaraháskóla Íslands (sem er utan hverfis) og í Menntaskólanum við Sund. Reykjavíkurborg greiðir kostnað vegna allra þessara æfingartíma.

Árman á og hefur haft fullt forræði yfir Laugabóli (Ármanshlutanum) og skíðaskálanum sem eru í eigu félagsins og fær rekstrarstyrki frá Reykjavíkurborg vegna reksturs þessara mannvirkja. Aðgangur annarra deilda að húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og/eða annarra aðila hefur byggt á tímaúthlutun fyrir milligöngu ÍBR.

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum Ármanns í starfshópnum gefa þarfir félagsins tilefni til að bæta aðstöðu allra deilda félagsins en megin umkvörtunarefni félagsins á þessum tímapunkti lúta að aðstöðu þeirra deilda sem eru með aðstöðu í Laugardalshöll, þ.e. körfuknattleiksdeildar og frjálsra íþróttar. Í samræmi við áherslur Ármanns hefur starfshópurinn því afmarkað áherslur sínar við þá aðstöðu.

2.2. Skilyrt afnot af Laugardalshöll

Afnot í Laugardalshöll eru skilyrt að því leyti að Árman hefur ekki full umráð yfir fasteigninni heldur byggja afnotin á tímaúthlutun ÍBR hverju sinni. Afnot af Laugardalshöll afmarkast af skilgreindum afnotatímabilum og samkvæmt samkomulagi um rekstur Laugardalshallar er rekstraraðila heimilt að skipuleggja viðburði í Laugardalshöll sem gera það að verkum að æfingar á vegum þeirra félaga sem þar hafa aðstöðu falla ítrekað niður. Ármenningar hafa lýst verulegri óánægju með hin skilyrtu afnot. Laugardalshöll¹ skiptist í „*gömlu höllina*“ sem er A-salurinn, klefar, inngangar og annað tengt rými og „*frjálsíþróttahöllina*“ sem er B-salurinn, klefar, inngangar og annað tengt rými. Ármenningar hafa gert þá kröfu að þeir fái afnot af gömlu höllinni með sama hætti og önnur íþróttafélög borgarinnar fá í íþróttahúsnæði í öðrum hverfum, enda er gamla höllin í 100% eigu Reykjavíkurborgar. En til vara að afnot og aðgengi þeirra verði stóraukið í Laugardalshöll allri án tafa auk þess að gera kröfu um rekstrarstyrk frá borginni.

2.3. Um núverandi eignarhald og rekstrarumgjörð Laugardalshallar

Reykjavíkurborg er eigandi að gömlu höllinni en frjálsíþróttahöllin er eign Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. (ÍSH) sem er félag í eigu Reykjavíkurborgar og Samtaka Iðnaðarins. Reykjavíkurborg hefur gengið frá samningum við ÍSH um rekstur á báðum hlutum Laugardalshallarinnar.

Í fasteignastjórnunarsamningi um Laugardalshöll sem Reykjavíkurborg og ÍSH gerðu dags. 4. maí 2005 (fasteignastjórnunarsamningurinn) er mælt fyrir um umsýslu tengda eignarhaldi og rekstri Laugardalshallarinnar, sbr. fskj. 1. Á grundvelli samningsins er ÍSH falið að sjá alfarið um rekstur Laugardalshallar, greiða kostnað tengdan fasteigninni en einnig veita stoðþjónustu til ÍTR (nú MÍR) í samræmi við sérstakan stoðþjónustusamning. Samkvæmt 6. gr. samningsins greiðir Reykjavíkurborg ekki fyrir rekstur eða stoðþjónustu heldur er reiknað með að tekjur af útleigu til ÍTR og annarrar útleigu nýtast til að standa undir kostnaði. Í 7. gr. samningsins er mælt fyrir um nýtingu ÍSH á Laugardalshöll þar segir í gr. 7.1. að ÍSH sé heimilt að leigja út Laugardalshöllina og innheimta greiðslur vegna hennar þegar ÍTR er ekki að nýta hana. Er ÍSH heimilað að leigja út mannvirkið til sýningahalds, tónleikahalds, funda, mannfagnaða og

¹ Athugið að þegar vísað er til Laugardalshallar í skýrslu þessari er vísað til Laugardalshallarinnar í heild, beggja hluta þ.e. gömlu hallarinnar og frjálsíþróttahallarinnar.

ýmissar annarrar starfsemi sem fellur vel að rekstri ÍSH eða selt aðgang að íþróttaaðstöðu. Samkvæmt gr. 7.2. er ÍSH heimilt að afla sér tekna með sölu auglýsinga og veitinga í mannvirkinu eða annarri tengdri starfsemi. Samkvæmt gr. 7.3. skal ÍSH geta nýtt Laugardalshöllina fyrir eigin rekstur í a.m.k. 30 daga á ári hverju, á tímabilinu 1. september til 30. apríl og 100 daga á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst ár hvert. Þá er ÍSH heimilt að nota þá tíma sem ÍTR notar ekki að höfðu samráði við Reykjavíkurborg.

Viðauki 4 við fasteignastjórnunarsamninginn ber heitið Lýsing á stoðþjónustu í Laugardalshöllinni (stoðþjónustusamningurinn), sbr. fskj. 2. Þar er kveðið á um skipulag rekstrarþjónustu þeirrar sem ÍSH er falið að veita. Samkvæmt samningnum skal ÍSH hafa umsjón með rekstri og þjónustu í Laugardalshöll og sjá um tilfallandi aðstoð við leigjendur og notendur. ÍSH skal hafa umsjónarmann í fullu starfi við að skipuleggja og hafa umsjón með Laugardalshöllinni og það skulu skv. gr. 3.5. a.m.k. vera þrír menn á vakt á opnunartíma við húsumsjón, gæslustörf, dyravörslu, baðvörslu og ýmis tilfallandi verkefni. Samningurinn vísar til tiltekinna verkefna sem eru innifalin í samningi og er nokkuð almenns eðlis. Þess má geta að í stoðþjónustusamning er mælt fyrir um að gera megi ráð fyrir því að opnunartími geti verið frá 7.30 til 23.00 á virkum dögum en styttri um helgar og á frídögum. Af ákvæðum viðaukans má sjá að allir notendur og leigjendur Laugardalshallar eiga rétt á samskonar þjónustu, þ.m.t. iðkendur Glímufélagsins Ármanns. Í gr. 3.4. er eftirfarandi tekið fram: „Skal ÍSH kappkosta að ásýnd húsnæðisins sé ætíð hrein, snyrtileg og til fyrirmyndar og í samræmi við kröfur sem almennt eru gerðar til skóla. Húsgögn og búnaður skulu vera í samræmi við skipulag sem og uppröðun þannig að starfsemi í húsnæði gangi óhindruð fyrir sig.“ Af hálfu Ármenninga hefur athugasemdum verið komið á framfæri þess efnis að töluvert hafi borið á því að stoðþjónusta hafi verið ábótavant, sérstaklega þegar kemur að þrífum, frágangi og enduruppsetningu aðstöðu svo að hún geti talist ásættanleg fyrir næsta notanda hússins.

3. Nýtingarhlutfall æfingatíma í Laugardalshöll og öðru húsnæði

Samkvæmt upplýsingum frá ÍBR hefur körfuknattleiksdeild Ármanns í dag meirihluta úthlutaðra æfingatíma í gömlu höllinni. Eina félagið sem hefur föst afnot á móti Ármanni er Knattspyrnufélagið Þróttur sem fær skv. æfingatöflu úthlutaða tíma fyrir meistaraflokka blakdeildar félagsins.

Sem fyrr getur hefur körfuknattleiksdeild Ármanns einnig fengið úthlutað tímum í íþróttasal Kennaraháskóla Íslands og fær þar meirihluta úthlutaðra tíma auk leiktíma um helgar og í leikfimisal Menntaskólans við Sund.

Af hálfu fulltrúa Ármanns í starfshópnum hefur verið vakin athygli á því að þörfum körfuknattleiksdeildar sé í dag ekki mætt þannig að það geti talist viðunandi.

Samkvæmt upplýsingum frá ÍBR hefur frjálsíþróttadeild Ármanns í dag úthlutaða æfingatíma frjálsíþróttahöllinni en þar að auki nýtir Ármann æfingatíma með Fjölni og þá tíma sem úthlutað er til Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur (FÍRR). Þau íþróttafélög sem æfa í frjálsíþróttahöllinni í dag auk Ármanns eru Íþróttafélag Reykjavíkur og Fjölnir.

Ármenningar hafa komið athugasemdum á framfæri við Reykjavíkurborg og ÍBR varðandi það að önnur íþróttafélög hafi verið með sérstaka æfingatíma fyrir börn í 1.-4. bekk í frjálsíþróttahöllinni auk þess sem þau bjóða upp á frjálsíþróttæfingar í sínum íþróttahúsum innan hverfis. Slíkt sé til þess fallið að veikja stöðu Ármenninga sem hverfisfélags. Þessar tilteknu athugasemdir eru til sérstakrar skoðunar hjá borginni. Skrifstofustjóri íþróttaborgar mun upplýsa Ármann um niðurstöðu þeirrar skoðunar fyrir upphaf haustannar 2026.

Af hálfu fulltrúa Ármanns í starfshópnum hefur verið vakin athygli á því að frjálsíþróttadeild Ármanns sæti miklum skerðingum vegna annarrar nýtingar á Höllinni. Æfingar séu ítrekað

felldar niður vegna viðburðahalds. Rétt er að geta þess að þegar ÍSH hefur tekið frjálsíþróttahöllina undir aðra notkun hefur ÍBR oftast en ekki tekið á leigu á kostnað borgarinnar aðstöðu í Kaplakrika til að tryggja frjálsíþróttafólki æfingaaðstöðu. Ármenningar hafa komið athugasemdum á framfæri að þeir telji boðna aðstöðu í Kaplakrika vera of langt í burtu fyrir flesta iðkendur og komi sérstaklega illa niður á viðkvæmstu iðkendum.

Þá er sérstök athygli vakin á því að útiaðstaða frjálsíþróttadeildar Ármenninga hefur verið fjarlægð í tengslum við framkvæmdir á Þjóðarleikvangi í knattspyrnu, Laugardalsvelli (að kastsvæðinu undanskildu sem er í óviðunandi ástandi og hefur ekki hlotið viðeigandi viðhald síðastliðin ár).

Til stendur að Ármenningar muni þegar fram líða stundir fá aðstöðu á nýjum frjálsíþróttaleikvangi sem á að rísa austan Þjóðarhallar. Ekkert liggur fyrir um upphaf framkvæmda við þann leikvang. Ljóst er að bygging þess leikvangs mun þó taka nokkur ár og á meðan er Ármann ekki með útiaðstöðu fyrir frjálsar íþróttir. Ármenningar telja að þrátt fyrir fyrirhuguð uppbyggingarplön, sem þó hafa hvorki verið tímasett né kynnt, sé fyrir hendi mikil óvissa um aðstöðumál félagsins enda verði aðstaðan fyrst og fremst þjóðarleikvangur frjálsíþróttar. Þá hafa Ármenningar komið á framfæri þeirri kröfu sinni að framangreind frjálsíþróttaaðstaða verði sérstaklega skilgreind sem heimaleikvangur Ármenninga.

Ármenningar hafa gert athugasemdir við að aðstaðan í Laugardalshöll sé lokuð yfir sumartímann sem bitni verulega á iðkendum. Þá hafa verið gerðar athugasemdir við að aðstaðan sé að jafnaði ekki nægilega aðgengileg iðkendum með sambærilegum hætti og hjá öðrum félögum. Þannig hefur verið á það bent að leikmenn og iðkendur hafi ekki aðgang að aðstöðunni til að mæta á aukaæfingar utan æfingatöflu. Þessar takmarkanir og fleiri geri það að verkum að Ármenningar búi við lakari aðstöðu en önnur íþróttafélög innan Reykjavíkur.

3.1. Aðstaða fyrir félagsstörf og tekjuöflunarmöguleikar

Glímufélagið Ármann er, sem fyrr getur, með aðstöðu í Laugabóli sem félagið hefur full umráð yfir. Húsnæðið í Laugarbóli er þó í fullri notkun undir æfingastarf. Þau rými sem áður höfðu nýst undir skrifstofur starfsfólks hafa verið tekin undir æfingar rafíþróttar og önnur rými í húsinu eru í fullri notkun undir fimleikastarf og bardagaíþróttir. Í Laugabóli (Ármannshlutanum) er ekki fundaaðstaða eða samkomusalur.

Upphaflega virðist hafa verið gert ráð fyrir því að sú aðstaða sem Knattspyrnufélagið Þróttur hefur umráð yfir í Laugabóli (Þróttarahlutanum), hafi átt að vera aðgengileg Ármenningum að einhverju leyti. Var lagt upp með að félögin myndu vinna að samlegð og samnýtingu en það hefur ekki raungerst.

Af hálfu fulltrúa Ármenninga í starfshópnum hefur verið á það bent að þessi aðstöðuskortur geri það að verkum að félagið eigi í erfiðleikum með að halda utan um almennt félagsstarf og Ármenninga vanti sárlega samkomustað. Vegna þessa sé erfiðleikum bundið að staðsetja fundi og aðra viðburði með leikmönnum, foreldrafundi og aðra skipulagsfundi auk þess sem félagið hafi mjög takmarkaða aðstöðu til viðburðarhalds og tekjuöflunar. Þannig hafi Ármenningar ekki samkomusal til að halda t.d. kvenna- og karlakvöld, þorablót og aðra styrktarviðburði líkt og mörg önnur félög gera í þeim húsum sem þau eiga og/eða hafa til fullra umráða.

Ármenningar hafa ennfremur bent á að aðstöðuleysi þeirra geri það að verkum að möguleikar þeirra til að afla auglýsingatekna og gera styrktarsamninga séu takmarkaðir enda séu heimildir þeirra til að setja upp auglýsingar á leikjum í Laugardalshöll mjög takmarkaðar og þeir hafi ekki möguleika á að selja stærri styrktaraðila nafnarétt að sínum heimavelli líkt og mörg önnur félög hafi gert. Þá er engin aðstaða til að selja varning eða veitingar.

4. Kröfur Ármenninga og tillögur starfshóps

Ármenningar hafa sett fram ýmsar kröfur er lúta að bættum aðbúnaði félagsins, m.a. í erindum sem send hafa verið ÍSH, í erindum sem hafa verið send Reykjavíkurborg, þ.m.t. í erindi sem bar heitið „Neyðarkall Ármanns“ sem sent var borgarstjóra Reykjavíkur og stjórn ÍSH dags. 7.11.2025, auk þess sem kröfum félagsins hefur verið komið á framfæri á fundum starfshópsins, sbr. m.a. fskj. 3.

Í eftirfarandi umfjöllun verður fjallað um helstu kröfur Ármenninga og tillögur starfshópsins varðandi það hvort og þá hvernig megi mæta þeim í nálægri framtíð. Stuðst er við það viðmið að aðgerðir/úrbætur komi til fullrar framkvæmdar eigi síðar en innan árs frá því að starfshópurinn skilar tillögum sínum, en vissulega er margt sem getur klárast innan 3 mánaða.

Eftirfarandi umfjöllun er skipt í undirkafla: fyrst verður gerð grein fyrir þeim úrbótum/framkvæmdum sem ÍSH hefur samþykkt að verða við og komu til framkvæmda áður/á meðan starfshópurinn var til starfa eða sæta virkri rýni, í kjölfarið verður fjallað um kröfur er lúta að bættu aðgengi og merkingum, í framhaldinu er fjallað um kröfur er varða bættu aðstöðu til æfinga og mótahalds, síðan kröfur er varða bættu félagsaðstöðu, þá kröfur er varða bættu funda- og skrifstofuaðstöðu, í framhaldinu kröfur er varða bættu styrktaraðstöðu og að lokum kröfur er lúta að almennri þjónustu ÍSH.

4.1. Úrbætur þegar framkvæmdar og/eða í vinnslu hjá ÍSH

Á meðan starfshópurinn hefur verið að störfum hefur ýmislegt þokast áfram varðandi kröfur er lúta að bættu aðstöðu í Laugardalshöll. Samkvæmt upplýsingum frá ÍSH er ýmist búið að verða við mörgum af kröfum Ármenninga eða í vinnslu að mæta þeim.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórn ÍSH hefur verið farið í til að mæta eftirfarandi kröfum Ármanns:

- aflíðandi stálkantur hefur verið settur niður yfir þröskuld núverandi boltageymslu svo hægt sé að rúlla búnaði inn og út án vandkvæða. Ármenningar hafa vakið athygli á að sá búnaður sem ÍSH setti upp sé þegar ónýtur og gerir starfshópurinn því kröfu um að ÍSH ráðist í nauðsynlegar úrbætur fyrir upphaf haustannar 2026.
- fallist hefur verið á að sviðið í gömlu höllinni verði nýtt fyrir styrktar- og upphitunarþjálfun, þegar sé búið að setja niður dýnur, rimla og tússtöflu (með seglum) á sviðið ásamt öðrum lausabúnaði til styrktarþjálfunar og upphitunarprógramm Ármenninga sé sýnilegt. Starfshópurinn vekur sérstaka athygli á því að tryggja þarf, í samræmi við ákvæði stoðþjónustusamningsins, að þessi aðstaða sé sett upp strax eftir viðburði af starfsfólki ÍSH.
- settar hafa verið upp myndavélar sem KKÍ gaf kröfuknattleiksfélögum, þ.m.t. Ármanni, til upptöku leikja.
- nýjar skotklukkur hafa verið keyptar og eru að hluta komnar til landsins.
- skápar fyrir þjálfara voru settir upp við E-inngang gömlu hallarinnar í samstarfi við yfirþjálfara körfuknattleiksdeildar Ármanns.
- keyptur var skjár og settur upp á svið í A-sal gömlu hallarinnar til að geta spilað myndskreið úr leikjum.
- útbúið hefur verið lokað rými fyrir geymslu á veitingarpalli á annarri hæð gömlu hallarinnar, með kæli, hillum undir vörur og vatni sem geti nýst sem birgðavagn fyrir sölu á veitingum og varning á heimaleikjum Ármenninga.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórn ÍSH stendur til að ráðast í eftirfarandi ráðstafanir til að mæta kröfum Ármanns:

- geymslumál við A-salinn í gömlu höllinni eru til skoðunar og verið að kanna möguleika á séraðgreindu rými fyrir félögin sem æfa í gömlu höllinni. Gera þarf ráð fyrir öllum æfingabúnaði Ármanns í áhaldageymslu.
- unnið að fjölgun á körfum í vesturhluta A-salar í gömlu höllinni í kjölfar samráðs við brunahönnuð og slökkvilið. Til stendur að setja upp tvær nýjar körfur í vesturhluta salarins. Þetta er forgangsmál körfuknattleiksdeildar Ármanns og starfshópurinn vekur athygli á að þessar úrbætur verða að vera komnar til framkvæmda fyrir júní 2026 til að forða því að endurskipuleggja þurfi æfingatöflur.
- til skoðunar sé að bæta útfærslu varðandi notkun á klukkum og skotklukkum á æfingum meistaraflokka í körfuknattleik. Tryggja þarf Ármanni óhindraðan aðgang að þessum búnaði frá og með júní 2026.
- merki Ármanns verður sett á glugga í anddyri Laugardalshallar.
- búið sé að leysa að hluta beiðni Ármanns um að auka aðgengi afreksfólks að körfum á opnunartíma Laugardalshallar. Starfshópurinn leggur til að aðgengi Ármenninga verði aukið frekar, bæði innan og utan skilgreinds opnunartíma, ekki síst til að mæta tilfærslum á æfingatímum og mæta þörfum fyrir æfingatíma utan hefðbundins opnunartíma. Starfshópurinn leggur til að þessar tillögur verði sérstaklega útfærðar í uppfærðum verklagsreglum sem útfæra nánar framkvæmd stoðþjónustusamnings.

Af hálfu starfshópsins eru lagðar til eftirfarandi tillögur:

- Að Reykjavíkurborg hlutist til um að tryggja að allar ofangreindar tillögur, sem ekki hafa nú þegar komið til framkvæmda, geri það hið fyrsta og a.m.k. innan 6 mánaða frá dagsetningu þessarar skýrslu.
- Til viðbótar mun Reykjavíkurborg hlutast til um að tryggja aukið geymslurými fyrir Ármann í Laugardalshöll, sér í lagi nærri A-sal í gömlu höllinni. Reykjavíkurborg, í samvinnu við ÍSH, mun tryggja að búnaður verði færður, settar verði upp nýjar hillur, grindur og annar búnaður til að betur þjónusta þau félög sem æfa og keppa í Laugardalshöll. Reykjavíkurborg greiði fyrir þann auka kostnað sem kunnir að hljóttast vegna þessa.
 - Þessi aðgerð hefur verið kostnaðarmetin á 1. m. kr. .

4.2. Bætt aðgengi og merkingar

Ármenningar hafa sett fram eftirfarandi kröfur er varða bætt aðgengi að Laugardalshöllinni:

- Að þjálfarar Ármanns hafi lykla að þeim hurðum og rýmum sem tengjast starfi þeirra á öllum tímum.
- Að einn húsvörður verði tileinkaður Ármanni, þ.e. merktur Ármanni og í þjónustu félagsins en ef ekki verði fallist á þá tillögu verði Ármanni fenginn rekstrarstyrkur til að sinna sambærilegu hlutverki.
- Þá hafa Ármenningar sett fram kröfur um að auka sýnileika félagsins með bættum merkingum innan Laugardalshallar m.a. á gangi frá F-inngangi í gömlu höllinni (þar sem búningaklefar fyrir A-salinn eru staðsettir).

Fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa bent á að erfitt sé að verða við kröfu um að einn tiltekinn húsvörður verði tileinkaður Ármanni. Það stafi m.a. af því að tilhögun reksturs og útfærsla vaktaskipulags og mönnunar húsvarða sé á forræði ÍSH en ekki Reykjavíkurborgar. Þar að auki eru fleiri félög sem æfa og keppa í Laugardalshöll og yrði illframtæklegt að aðgreina húsvörði í þágu fleiri félaga ef þau myndu setja fram sambærilega kröfu. Við þetta bætist síðan að aðgreining sem þessi væri líkleg til að auka rekstrarkostnað og fela í sér flóknara utnumhald um vaktaskipulag og mönnun. Að því er varðar varakröfu Ármenninga um rekstrarstyrk þá eru engin fordæmi fyrir því að félögum sé úthlutað rekstrarstyrk eða þeim falið

að standa undir kostnaði af húsvörslu í húsnæði sem er í eigu og rekstri annarra aðila. Í dag er fyrir hendi rekstrarsamningur við ÍSH og ætti að mati fulltrúa Reykjavíkurborgar að vera hægt að bæta þjónustuna á grundvelli gildandi samnings til að mæta aðfinnslum og athugasemdum Ármenna.

Af hálfu starfshópsins eru lagðar til eftirfarandi tillögur:

- Að tryggt verði að þjálfarar á vegum Ármanns geti fengið lykla að þeim rýmum sem eru þeim nauðsynleg starfs síns vegna. Að höfðu samráði við ÍSH er ekki hægt að veita lykjavöld að útidrymum að svo stöddu en ef forsendur breytast vegna breyttrar aðgangsstýringar verður endurskoðað hvort unnt sé að veita ríkari heimildir.
- Að tryggt verði, og nánar útfært í verklagsreglum um nánari útfærslu á stoðþjónustusamningi milli Reykjavíkurborgar og ÍSH, hvernig húsverðir á vegum ÍSH geta betur sinnt þjónustu við iðkendur íþróttafélaganna sem æfa og keppa í Laugardalshöllinni. Lykilatriði sé að iðkendur séu þjónustaðir með sama hætti og aðrir notendur sem greiða fyrir notkun og þjónustu í Laugardalshöll. Skilgreina þurfi betur hvaða hlutverkum húsvörðum er ætlað að sinna. Þá þurfi að kveða á um stöðugleika í þjónustu og ganga úr skugga um að vinna við önnur verkefni og aðra viðburði í Laugardalshöll hafi ekki neikvæð áhrif á þjónustustig gagnvart íþróttafélögum og iðkendum þeirra. Leitast skuli við að búa til umgjörð sem samsvari sem best þeirri stöðu að félögin séu með húsverði á sínum vegum. Lögð skuli áhersla á að starfsfólk ÍSH sýni notendum virðingu og gott viðmót í öllum samskiptum.
- Að tryggt verði að gangur frá F-inngangi inn í gömlu höllina (þar sem búningasklefar sem tilheyra A-sal eru staðsettir) verði skýrlega merktur félögunum sem þar æfa, Ármanni og Þrótti. Að sömu félögum verði jafnframt heimilað að setja upp frekari liðsmerkingar við E-inngang gömlu hallarinnar.
- Að aðstaða við F-inngang verði bætt. Í stað þeirra bekkja sem þar hefur verið komið fyrir verði útbúin þægilegri aðstaða fyrir iðkendur sem eru á leið á/af æfingu. Þetta svæði verði endurskipulagt og húsgögn sköffuð með þarfir iðkenda og aðstandenda að leiðarljósi.
- Að Ármeningum verði heimilað að koma upp aðstöðu fyrir iðkendur á efri hæð við E-inngang. Um er að ræða lítið svæði á efri hæð við stigagang þar sem mætti koma fyrir smá seturými/aðstöðu fyrir iðkendur.

4.3. Bætt aðstaða til æfinga og mótahalds

Ármenningar hafa sett fram kröfur þess efnis að þeim verði tryggt jafnt aðgengi að æfingaaðstöðu í Laugardalshöll allt árið um kring.

Samkvæmt fasteignastjórnunarsamningi er æfingatímabil í Laugardalshöll í dag skilgreint þannig að sumartímabil stendur yfir frá 1. maí til 31. ágúst ár hvert. Framkvæmdin hefur verið með þeim hætti að félögin sem æfa í Laugardalshöll hafa fengið aðgengi að æfingatímum innan sumartímabils en æfingar verði skertar og húsinu alveg verið lokað í júlí.

Þá hafa Ármenningar fundið að þeirri aðstöðu sem þeim er búin varðandi mótahald. Samkvæmt Ármeningum hafa þeir átt í erfiðleikum með að halda yngri flokkamót. Auk þess sem mikil vinna í tengslum við uppsetningu umgjörðar í tengslum við heimaleiki hjá meistaraflokkum félagsins hafi fallið á herðar sjálfboðaliða á vegum Ármanns.

Af hálfu starfshópsins eru lagðar til eftirfarandi tillögur:

- Að Reykjavíkurborg gangi frá samningi við ÍSH um að stytta sumarlokun til muna þannig að aðgangur félaganna að æfingaaðstöðu sé a.m.k. tryggður í maí, júní, hálfan júlí og ágúst. Tryggt skal að þessi samningur taki mið af þeim þörfum sem fram koma í

framlögðum æfingatöflum íþróttafélagana eftir því sem mögulegt er. Reykjavíkurborg greiði fyrir þann aukakostnað sem kunni að hljótask vegna þessa.

- Þessi aðgerð hefur verið kostnaðarmetin á 20 m. kr. á ári. Kostnaðarmat er m.v. áætlaðan tímafjöldi sem byggir á þarfagreiningu Ármanns fyrir sumartímabilið 2026 sbr. fskj. nr. 4.
- Að Reykjavíkurborg gangi frá samningum við ÍR og tryggi Ármenningum aðstöðu til æfinga á útisvæðum þeirra fyrir frjálsar íþróttir yfir sumarmánuði júní, júlí og ágúst. Þessi tilhögun gildi þar til útiaðstaða Ármanns í Laugardal er komin í virkni. Reykjavíkurborg greiði fyrir þann auka kostnað sem kunnið að hljótask vegna þessa.
 - Þessi aðgerð hefur verið kostnaðarmetin á 2.5 m. kr., á ári.
- Að Reykjavíkurborg og ÍBR í samvinnu við ÍSH tryggi að félögin sem hafa æfingaaðstöðu í gömlu höllinni geti haldið a.m.k. tvö mót á hvorri önn fyrir yngri flokka í gömlu höllinni. Skal leitast við að festa tímasetningu á umræddum mótum samhliða skipulagi viðburða fyrir árið í samræmi við fyrirmæli fasteignastjórnunarsamnings (að undanskildu árinu 2026 en þá skal reynt að mæta óskum félaganna svo sem kostur er þótt viðburðarhald hafi þegar verið skipulagt að mestu).
 - Þessi aðgerð ber ekki sjálfstæðan kostnað en mun falla á æfingatíma sem Reykjavíkurborg hefur þegar greitt fyrir.
- Að Reykjavíkurborg geri viðauka við fasteignastjórnunarsamninginn eða uppfæri verklagsreglur um nánari útfærslu á stoðþjónustusamningi aðila þar sem æfingatímabil verða endurskilgreind og skerpt á verklagi í tengslum við þjónustu við íþróttafélögin. Félögin sem æfa og keppa í Laugardalshöllinni fái aðkomu að þeirri vinnu. Mætti þar t.a.m. fjalla sérstaklega um að starfsfólki á vegum ÍSH verði falið að koma að uppsetningu og frágangi umgjarðar í tengslum við mót og leiki, t.d. uppsetningu á auglýsingaskiltum, stuðningsmannasvæði og söluaðstöðu fyrir varning og veitingar. Þá verði að tryggja þjónustu við unga iðkendur sem eru á svæðinu. Þannig fái félögin sem keppa gömlu höllinni einnig aðgengi að eldhúsi og geymslum ÍSH og heimild og aðstöðu til að geyma grill og grilla úti á heimaleikjum.
 - Þessi aðgerð ætti ekki að leiða til aukins kostnaðar.

4.4. Bætt funda- og skrifstofuaðstaða og félagsaðstaða

Ármenningar hafa, líkt og rakið er að framan, litla sem enga fundaraðstöðu eða skrifstofuaðstöðu. Þá hafa Ármenningar kvartað yfir skorti á félagsaðstöðu og bent á að skortur á slíkri aðstöðu hafi takmarkað mjög möguleika félagsins á að afla sér tekna með því að halda ýmiss konar fjáröflunarviðburði.

Ármenningar hafa m.a. gert kröfu um að fá aðgang að rými á efri hæð fyrir ofan búningsherbergjagang í gömlu höllinni. Um er að ræða tvískipt rými, nokkuð rúmgott fundarherbergi sem hefur til þessa verið nýtt sem kennslustofa og samliggjandi minna herbergi sem hefur til þessa verið nýtt undir æfinga- og rannsóknartæki. Umrædd rými hafa síðastliðin ár verið nýtt af hálfu Háskóla Íslands fyrir nám í íþrótt- og heilsufræðum. Á meðan starfshópur þessi hefur verið til starfa hafa fulltrúar Reykjavíkurborgar í starfshópnum verið í ítrekuðum samskiptum við fyrirsvarsmenn ÍSH varðandi þetta tiltekna rými og möguleika á því að losa það. Þau samskipti og vinna á vegum ÍSH hefur leitt til þess að HÍ hyggst flytja sig um set.

Af hálfu starfshópsins eru lagðar til eftirfarandi tillögur:

- Að Reykjavíkurborg hlutist til um að ÍSH veiti Ármenningum víkjandi afnot af s.k. VIP herbergi á neðri hæð búningsgangs í gömlu höllinni. Um er að ræða ca 30 fm herbergi með innangengu baðherbergi. Ármenningum verði tryggð full afnot af þessu herbergi og þeim heimilt að setja upp skrifstofuaðstöðu fyrir þjálfara og nýta rýmið fyrir smærri liðs- og vídjófundu. Notkunin yrði háð því að Ármenningar myndu koma rýminu fyrir í

upphaflegt ástand í ca. 10 – 20 skipti á ári þegar það er notað af hálfu ÍSH í tengslum við stærri viðburði.

- Talið er að hægt verði að framkvæma þessa aðgerð á grundvelli samkomulags við ÍSH án þess að það leiði af sér aukinn kostnað.
- Að Reykjavíkurborg gangi frá viðauka við fasteignastjórnunarsamninginn þar sem Ármanni er tryggð aukin afnot af félagsaðstöðu/fundarsölum. Að Reykjavíkurborg tryggi ennfremur í sama viðauka að Ármann fái afnot af frjálsípróttahöllinni (B-salnum) í eitt skipti á ári til að halda þar stærri fjáröflunarviðburð. Reykjavíkurborg greiði fyrir þann aukakostnað sem kunnir að hljóttast vegna þessa, þ.m.t. búnað til veisluhalda sem er í eigu ÍSH.
 - Þessi aðgerð hefur verið kostnaðarmetin á 2. m. kr., á ári.
- Að Reykjavíkurborg í samvinnu við ÍSH einfaldi bókunarferli á á fundarsölum. Þannig verði einfaldara fyrir Ármann að fá sal með skemmri fyrirvara þegar þess gerist þörf.
 - Þessi aðgerð mun ekki leiða til aukins kostnaðar.
- Að Reykjavíkurborg tryggi, í samráði við ÍSH, að Ármann fá rýmið sem HÍ hefur haft til leigu til umráða og það verði gert við fyrsta hentugleika og er stefnt að því að það verði haustið 2026. Ármenningum verði eftirlátið að ákveða hvernig notkun á rýminu myndi henta starfsemi Ármanns best. Samkvæmt upplýsingum frá Ármanni er fyrirhugað, a.m.k. í fyrstu, að nýta minna rýmið sem fundarherbergi og skrifstofurými en stærra rýmið sem félagsrými Ármanns (afþreyingarrými / samkomustað fyrir iðkendur). Þá hafa verið uppi hugmyndir um að hafa í rýminu Ármannsbúð (smáverslun) sem gæti selt varning og veitingar. Gert er ráð fyrir því að Ármenningar standi undir kostnaði við að standsetja rými.
 - Þessi aðgerð hefur verið kostnaðarmetin á 6 m. kr. á ári.

4.5. Bætt styrktaraðstaða

Þegar frjálsípróttahöllin var byggð var samhliða komið upp þreksal í frjálsípróttahöllinni. Á síðari stigum var ákveðið að stækka þá aðstöðu og hún þá jafnframt flutt undir aðalinngangi í gömlu höllinni, og mikið af búnaði endurnýjaður. Ármenningar hafa krafist þess að fá full umráð að umræddri aðstöðu en til vara að þeir hafi forgang að nýtingu umræddrar aðstöðu.

Í dag liggur fyrir að aðstaðan er í mikilli notkun bæði af hálfu þeirra frjálsípróttafélaga sem æfa í frjálsípróttahöllinni (ÍR, Fjölni og Ármanni) en jafnframt af körfuknattleiksdeild Ármanns.

Af hálfu starfshópsins eru lagðar til eftirfarandi tillögur:

- Að útbúin verði styrktaraðstaða annars vegar fyrir gömlu höllina og hins vegar fyrir frjálsípróttahöllina. Styrktaraðstöðu fyrir frjálsípróttafólk verði fundinn staður innan frjálsípróttahallar en að þau félag sem æfa og keppa í gömlu höllinni fái fullan forgang, í hlutfalli við æfingatöflur þeirra í gömlu höllinni (A-sal), að styrktaraðstöðunni sem er til staðar í gömlu höllinni í dag, og er staðsett undir aðalinngangi. Ármann, sem ekki hefur styrktaraðstöðu í öðrum húsakynnum, fái fyrsta úthlutunarrétt.
- Þessi tillaga hefur þegar verið rædd við fyrirsvarsmenn ÍSH sem hafa þegar hafið skoðun á möguleikum varðandi staðsetningu á nýrri styrktaraðstöðu fyrir frjálsípróttahöllina.
 - Af hálfu starfshópsins er lagt til að þessi tillaga verði unnin í samvinnu með ÍSH og áhersla lögð á að hún komi til framkvæmda hið fyrsta. Þannig verði þegar í stað ráðist í nauðsynlega hönnunarvinnu og framkvæmdir í von um að aðstaða geti verið komin í notkun sem allra fyrst. ÍSH myndi standa straum af þeim einskiptiskostnaði sem fellur til vegna þessara framkvæmda en mun í framhaldinu geta leigt út hina nýju styrktaraðstöðu til afnota fyrir iðkendur í frjálsípróttahöllinni.

- Þessi aðgerð hefur verið kostnaðarmetin á 4. m. kr. á ári í leigu.

4.6. Almenn þjónusta ÍSH og önnur atriði tengd Laugardalshöll

Ármenningar hafa gert fjölmargar athugasemdir er lúta að því hvernig Laugardalshöll er rekin og telja að ýmislegt í þeim rekstri bitni á Ármenningum með óeðlilegum hætti.

Af hálfu starfshópsins eru lagðar til eftirfarandi tillögur:

- Reykjavíkurborg tryggji að viðburðadagatal verði ávallt gefið út fyrir 15. júlí vegna rekstartímabilsins sem hefst mánuði síðar, þ.e. 15. ágúst og þá fyrir næstu 12 mánuði. Frávik frá því verði ákveðin í samráði við þau félög sem æfa í Laugardalshöll. Á sama tíma skulu félögin sem æfa í Laugardalshöll skila æfingartöflum fyrir sama tímabil.
 - Farið verði þess á leit við ÍSH að viðburðarhald verði skipulagt í ríkara mæli með hliðsjón af hagsmunum félaganna sem æfa og keppa í Laugardalshöll og aukið tillit verði tekið til leikja- og mótahalds,
 - Engum viðburðum verði bætt við á æfinga- og keppnistímabili nema að höfðu samráði og með samþykki þeirra félaga sem þurfa að víkja vegna þeirra.
- Að í þeim tilvikum sem útseldur viðburður (bæði almennir viðburðir og íþróttaviðburðir á vegum sérsambanda) leiðir til þess að félög sem æfa og keppa í Laugardalshöll þurfi að víkja (æfingar/keppnir falli niður) þá fái hin víkjandi félög greiðslur vegna þeirra óþæginda sem þetta veldur. Þetta gildi þó aðeins um æfingar barna og ungmenna. Greiðslur yrðu ákvarðaðar með hliðsjón af notkun hverju sinni og tímaúthlutun ÍBR. Allar bætur sem yrðu greiddar hverfisfélögunum yrðu sérstaklega aðskildar í rekstri félaga og skylt að þeim yrði alfarið ráðstafað í barna- og ungmennastarfsemi þeirra íþróttagreina sem missa æfingátíma.
 - Til að fjármagna þessa tillögu að hluta er lagt til að hver æfingátími sem felldur er niður í barna- og ungmenna hverfisfélaganna í Laugardalshöll vegna utanaðkomandi viðburða verði bættur sem nemur 20.000 kr. pr. klst.
 - Lagt er til að ÍBR verði falið utanumhald um skráningu þeirra æfingátíma sem falla niður og að þessar greiðslur verði gerðar upp tvisvar á ári.
 - Áætlaður kostnaður vegna þessarar tillögu er um 2,5 m. kr. á ári en ræðst þó eðli máls samkvæmt af því hversu oft kemur til þess að æfingátímar verði felldir niður vegna útseldra viðburða.
- Að Ármanni verði í auknum mæli gert mögulegt að afla sér tekna með sölu auglýsingaskilta/skjáa í Laugardalshöll. Nú liggur fyrir að merkingar í Laugardalshöll hafa í auknum mæli verið gerðar stafrænar og eru birtar á skjáum. Í dag eru t.a.m. 17 skjáir við innganga Laugardalshallar. Reykjavíkurborg geri samkomulag við ÍSH um að þau félög sem spila sína heimaleiki í Laugardalshöll geti selt auglýsingar á skjái og haft af því tekjur. Nái áætlanir um uppsetningu á stórum LED skjá á hlið Laugardalshallar fram að ganga skal Reykjavíkurborg hlutast til um að Ármanni verði heimilað að selja auglýsingar á þann skjá.
- Að Reykjavíkurborg hlutist til um að félögin sem keppa sína heimaleiki í Laugardalshöll verði jafnsett öðrum félögum þegar kemur að áfengissölu á viðburðum. Nú hefur málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði sem áður mæltu fyrir um að áfengissala í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði væri bönnuð verið breytt á þá leið að sú sala hefur nú verið gerð heimil með tilteknum skilyrðum. Reykjavíkurborg skal tryggja, í samvinnu við ÍSH, að þau félög sem eru með heimaleiki í Laugardalshöll njóti sambærilegra heimilda og önnur félög til að selja áfengisveitingar. Skýrar verklagsreglur um framkvæmd vínveitinga og annarrar veitingasölu Ármanns á viðburðum Ármanns skulu liggja fyrir fyrir haustönn 2026 og að Reykjavíkurborg tryggji að Ármann sé jafnsett öðrum viðburðahöldurum í Laugardalshöll.

- Að þegar búið er að ganga frá breytingum á samningum og gera breytingar á verklagi í samræmi við tillögur starfshópsins sem settar eru fram í skýrslu þessari verði haldinn sérstakur innleiðingar/samstarfsfundur með fyrirsvarsmönnum hagaðila. Ýmsar þær breytingar sem lagðar eru til af hálfu starfshópsins ættu að vera til þess fallnar að gera samskipti milli ólíkra hagaðila, s.s. milli félaga (starfsmanna og iðkenda) og starfsmanna ÍSH, einfaldari og betri. Til að tryggja sameiginlegan skilning allra á nýjum samningum og verklagi og til að virkja vilja allra hlutaðeigandi til að eiga í góðum og uppbyggilegum samskiptum leggur starfshópurinn til að haldinn verði sérstakur innleiðingarfundur. Þessi fundur skal eiga sér stað eigi síðar en 1. október 2026.
- Að haldnir verði samstarfsfundir með fulltrúum Reykjavíkurborgar, ÍSH, ÍBR og Íþróttafélaganna í Laugardalshöll ársfjórðungslega til að ræða framkvæmd samstarfsins og þjónustu rekstrarfélagsins.

4.7. Framtíðarsýn, skólamál o.fl.

Ármenningar hafa óskað eftir því að eiga ríkari aðkomu að málum er varða félagið með beinum og/eða óbeinum hætti til framtíðar. Þannig hafa Ármenningar sett fram kröfur um að fá áheyrnaraðild að stjórn rekstrarfélags Laugardalshallar og stjórn Þjóðarhallar og fulla aðkomu að vinnu við hönnun Þjóðarhallar að lokinni hönnunarsamkeppni.

Þá hafa Ármenningar gert kröfu um að gefin verði út tímasett og fjármögnuð ákvörðun um að byggja íþróttahús í fullri stærð við Langholtsskóla og Laugalækjaskóla.

Af hálfu starfshópsins eru lagðar til eftirfarandi tillögur:

- Að Reykjavíkurborg tryggi aukið samráð við íþróttafélögin í Laugardal í tengslum við uppbyggingaráform í Laugardal, bæði vegna íþróttamannvirkja og skólaíþróttahúsa.
- Að Reykjavíkurborg tryggi ennfremur samráð við íþróttafélögin um uppbyggingaráform í Vogabyggð og Ártúnshöfða enda eiga Ármann og Þróttur að vera hverfisfélög í þeim hverfum.

5. Samantekt:

Líkt og nánar er rakið í skýrslu þessari eru eftirtaldar tillögur lagðar fram af hálfu starfshópsins:

- Unnið verði að því að aðgerðir sem ÍSH hefur þegar hafist handa við eða samþykkt að ráðast í komi til framkvæmda og verði lokið hið fyrsta.
- Áfram verði unnið að því að bæta aðstöðu og aðgengi s.s. með því að tryggja aukið geymslurými og betri notkun slíks rýmis og með því að tryggja þjálfurum á vegum Ármanns lykлавöld að þeim rýmum sem eru þeim nauðsynleg starfs síns vegna.
- Að áfram verði unnið að bættum merkingum fyrir íþróttafélögin í Laugardalshöll.
- Að aðstaða við F-inngang verði bætt og gerð þægilegri fyrir iðkendur/aðstandendur sem eru á leið á/af æfingum.
- Að Ármenningum verði heimilað að koma upp aðstöðu fyrir iðkendur á efri hæð við E-inngang.
- Að Ármenningum verði tryggð heimil afnot að aðstöðu ÍR-inga til æfinga á útisvæði fyrir frjálsar íþróttir.
- Að tryggt verði að íþróttafélögin sem hafa æfingaaðstöðu í gömlu höllinni geti haldið a.m.k. tvö körfuknattleiksmót á hvorri önn fyrir yngri flokka.
- Að æfingartímabil verði endurskilgreind, sumarlokun stytta til muna, og skerpt á verklagi í tengslum við þjónustu við íþróttafélögin.
- Að leitast verði við að tryggja Ármenningum víkjandi afnot af s.k. VIP herbergi.

- Að Ármeningum verði tryggð aukin afnot af félagsaðstöðu/fundarsölum, bókunarkerfi einfaldað og þeim fengin afnot af frjálsíþróttahöllinni í eitt skipti á ári til að halda stærri fjáröflunarviðburð.
- Að Ármeningum verði fengin afnot af s.k. HÍ rýmum undir fundar- og félagsstarf.
- Að útbúin verði styrktaraðstaða annars vegar fyrir gömlu höllina og hins vegar fyrir frjálsíþróttahöllina og þeim félögum sem æfa og keppa í gömlu höllinni tryggður forgangur að núverandi styrktaraðstöðu.
- Tryggt verði að viðburðardagatal og æfingatöflur félaganna verði ávallt útgefin með ársfyrirvara, fyrir 15. júlí ár hvert.
- Að í þeim tilvikum sem útseldur viðburður leiðir til þess að félög sem í Laugardalshöll þurfi að víkja þá fái víkjandi félög greiðslur vegna þeirra æfingatíma sem falla niður í barna- og unglingsstarfi.
- Að Ármanni verði í auknu mæli gert mögulegt að afla sér tekna með sölu auglýsingaskilta/skjáa í Laugardalshöll.
- Að Reykjavíkurborg hlutist til um að félögin sem keppa sína heimaleiki í Laugardalshöll verði jafnsett öðrum félögum þegar kemur að áfengissölu á viðburðum og annarri veitingasölu.
- Að haldinn verði sérstakur innleiðingar/samstarfsfundur með fyrirsvarsmönnum hagaðila og í kjölfarið verði haldnir reglulegir samstarfsfundir.
- Að Reykjavíkurborg tryggi aukið samráð við íþróttafélögin í Laugardal í tengslum við uppbyggingaráform í Laugardal, bæði vegna íþróttamannvirkja og skólaíþróttahúsa auk þess að tryggja samráð í tengslum við uppbyggingaráform í Vogabyggð og Ártúnshöfða.

Áætlaður kostnaður af framangreindum tillögum sem miða að því að bæta aðstöðu Ármenninga eru um 36,5 m. kr. á ári. Af hálfu starfshópsins er gert ráð fyrir því að þessar aðgerðir og fjármögnun vegna þeirra þurfi að vera tryggð og í gildi á meðan aðstaða Ármenninga er sambærileg því sem hún er í dag. Liggur fyrir að aðgerðirnar og fjármögnun til samræmis skulu sæta endurskoðun þegar forsendur breytast og aðstaða Ármenninga hefur verið bætt með varanlegum hætti.

Þessu til viðbótar er gert er ráð fyrir **1 m. kr. í einskiptiskostnað** vegna minniháttar framkvæmda.

Starfshópurinn vonast til að framangreindar tillögur geti fengist fjármagnaðar og til framkvæmda hið fyrsta og vonast til að tillögurnar muni bæta aðstöðu Ármenningar sem og annarra félaga sem æfa og keppa í Laugardalshöll.

Fulltrúar Glímufélagsins Ármanns og Reykjavíkurborgar skuldbinda sig til að fara yfir árangur af þessu samkomulagi árlega og rýna hvort það sé tilefni til að endurmeta innihald þess vegna breyttra forsendna.

Þá óskar starfshópurinn eftir því að umboð hans verði endurnýjað til að halda áfram vinnu í samræmi við upphaflegt erindisbréf er lýtur rýni og úrbótatillögum varðandi aðstöðumál Glímufélagsins Ármanns til frambúðar.

Reykjavík, 4. maí 2026

f.h. starfshópsins,

Helga Friðriksdóttir, formaður starfshópsins

Fskj.

1. Erindisbréf starfshópsins, dags. 1. desember 2025.
2. Fasteignastjórnunarsamningur um Höllina, dags. 4. maí 2005
3. Neyðarkall Ármanns, dags. dags. 7.11.2025.
4. Þarfagreining Ármanns vegna sumarstarfs árið 2026.